

Söngdagskrá Ísaksskóla 2023-2024

12.-16. febrúar

Bolludagur – Sprengidagur –Öskudagur

Myndin hennar Lísu

Alli, Palli og Erlingur

Hákarlinn í hafinu

Sautján þúsund sólargeislar

21.-23.febrúar

Vetrafrí

Söngur Kamillu

Litli tónlistarmaðurinn

Myndin hennar Lísu

Alli, Palli og Erlingur

26. febrúar- 1.mars

Draumar geta ræst

Sigling (hafið bláa hafið)

Söngur Kamillu

Myndin hennar Lísu

Litli tónlistarmaðurinn

Hákarlinn í hafinu

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Hákarlinn í hafinu

kemur upp úr kafinu

lítur í átt að landi,

langar til að skipin strandi.

Vini á hann voðalega fáa

hákarlinn í hafdjúpinu bláa.

Hákarlinn í hafinu

kann að vera í kafinu

leikur hann sér að löngu,

loðnu og síldargöngu.

Hefur skrápinn skelfilega gráa

hákarlinn í hafdjúpinu bláa.

Sautján þúsund sólargeislar

Lag: Kristjana Stefánsdóttir

Ljóð: Bergur Þór Ingólfsson

Á hoppudjúpum himni stjörnur stukku
en stráðust burt með feimnum kinna-roða

er sólin sjálf hóf bjartan dag að boða
með barmafylli af morgungeisla lukku.

Þá undur lífsins reis og fór á fætur
og furður heimsins dönsuðu í ljósi

þess hlýja dags er umvafði mig hrósi
með hlátrasköllum fram til næstu nætur,
næstu nætur.

Ég ósk' að sautjánþúsund sólargeislar
klappi þér á kinn

með sautjánþúsund sólargeisla happi
vin----ur minn.

vinur minn

Alli, Palli og Erlingur

Höfundur lags óþekktur

Ljóð: Ólafur Gaukur Þórhallsson

Alli, Palli og Erlingur, þeir ætla að fara að sigla.
Vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð.

Þeir fundu gamalt þvottafat, sem farið var að
mygla. sigla út á sjó og syngja hæ hæ hó.

Seglið var úr afarstórum undirkjól.

Mastrið, það var skófluskaft og skútan lak og
valt.

Og hæ og hó, og hæ og hó og hí,

en skítt með það, við skulum komast fyrir því.

Bolludagur – Sprengidagur –Öskudagur

Lag: Við erum söngvasveinar

Texti: Herdís Egilsdóttir

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik.

Mér alltaf þykir gaman að iðka þennan leik.

Ég bolla og bolla, á bossann á þér fast ég slæ,
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.

Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar,

bollurnar, já, bragðgóðar eru bollurnar, húllum
hæ.

Á sprengidegi er bumban að springa hreint á mér, því magnið er ei smátt sem í magann á mér fer.

Af saltkjöti og baunum ég saðningu í magann fæ, af saltkjöti og baunum, ég saddur er og hlæ.

Já, bragðgóðar eru baunirnar, baunirnar,baunirnar, já, bragðgóðar eru baunirnar, húllum hæ.

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað og elti menn og konur sem ekkert vita um það. Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég næ, lauma á poka, læðist burt og hlæ. Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir, pokarnir, svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ.

Litli tónlistarmaðurinn

Lag og ljóð: Freymóður Jóhannsson

Mamma, ertu vakandi mamma mín?
Mamma, ég vil koma til þín.
Ó mamma, gaman væri að vera stór,
þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
Ó en mamma, áðan dreymdi mig draum um þig,
En datt þá fram úr og það truflaði mig.

*Þú varst drottning í hárrí höll.
Hljómsveitin! Álfar, menn og tröll,
lék þér og söng í senn, hún var svo stórfengleg.
Tröllin þau börðu á bumburnar.
Blómálfar léku á flauturnar.
Fiðlurnar, mennskir menn á mandolin, ég.*

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Söngur Kamillu

Lag: Thorbjörn Egner

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Heyrið lagið hljóma,
hreina, bjarta óma.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.
Áfram enn skal telja,
aðrar nótur velja.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.

Ef ég íþrótt stranga
æfi daga langa.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.
Eykst mér lag og leikni,
leik ég þá með hreykni.
Síðar, sannið til,
þá sést hvað í mér býr.

Draumar geta ræst

Lag: Jón Jónsson

Ljóð: Bragi Valdimar Skúlason, *byggt á hugmyndum frá 9 ára börnum í Reykjavík*

Mig dreymir um að verða
kafari, geimfari, trommari,
amma. Mig dreymir um að
verða listakona með stall.

Mig langar svo að verða
arkitekt, jútúber, grínisti,
lögga.
Mig langar svo að verða rosa
frægur karl.

Ég væri stundum til í að vera
meiri prakkari, ofurlítið
fyndnari og þínu hugrakkari.

*Óska þess að draumar fengju í lífi okkar
ögn stærri sess.
En enginn veit hvað verður næst
— ég veit það eitt, að draumar geta
ræst.*

Óóóóó

Draumar geta ræst.

Óóóó

Mig dreymir um að eignast
tígrisdýr, kengúru, systkini,
apa. Mig dreymir um að
eignast pöndu og hákarl.

Mig langar svo að fá mér
bókasafn, risahús, nefhring og
tattú. Mig langar svo að fá mér
gimsteina og skart.

Ég vildi að það væri engin stríðni og ekkert stríð.
Allir væru vinir, massasáttir alla tíð.

Óska þess...

Réttu' upp hönd ef þú vilt skoða heiminn.
Enn þá hærra' ef þú vilt skoða geiminn.
Réttu' upp hönd ef þú ert stundum feimin/n.
Hey ho
Hey hey ho

Réttu' upp hönd ef þú vilt eiga heima í
heimi þar sem er í lagi' að dreyma.
Réttu' upp hönd ef þú trúir því að
draumar geti ræst.

Óska þess...

Sigling

Lag: Friðrik Bjarnason

Ljóð: Örn Arnarson (Magnús Stefánsson)

Hafið, bláa hafið hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.